

Ed.

197. Frumvarp til laga

[106. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.

(Eftir 2. umr. í Ed., 18. des.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Greiða skal í ríkissjóð söluskatt af innlendum viðskiptum, eins og nánar er mælt fyrir um í lögum þessum.

Ríkissjóður greiðir Jöfnunarsjóði sveitarfélaga 8% — átta af hundraði — skatts þess, sem um ræðir í 1. mgr.

2. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Af andvirði seldrar vörum og verðmæta og endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu skal greiða $7\frac{1}{2}\%$ — sjö og hálfan af hundraði — söluskatt, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

3. gr.

Við gildistöku laga þessara fellur úr gildi 5. gr. laga nr. 1 31. janúar 1964, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1965.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við tollafreiðslu vörum til eigin neyzlu eða nota innflyttjanda, sbr. j-lið 4. gr. laga nr. 10/1960, skal innheimta $7\frac{1}{2}\%$ — sjö og hálfan af hundraði — söluskatt frá og með 1. janúar 1965. Þó skal innheimta $5\frac{1}{2}\%$ — fimm og hálfan af hundraði — söluskatt við tollafreiðslu slíkrar vörum, ef innflyttjandi hefur fyrir 1. janúar 1965 afhent til tollmeðferðar skjöl, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess, að unnt sé að tollafreiða vörum, sbr. 14. gr. laga nr. 7/1963, um tollskrá o. fl. Þetta gildir þó því aðeins, að tollafreiðsla eigi sér stað fyrir 8. janúar 1965.

Fyrirmæli 1. mgr. gilda við tollafreiðslu vörum til eigin neyzlu eða nota innflyttjanda, sem hefur verið afhent honum fyrir 1. janúar 1965 með leyfi tollfyrvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. 22. gr. laga nr. 7/1963, um tollskrá o. fl., enda eigi fullnaðar tollafreiðsla sér stað innan tveggja mánaða frá gildistöku laga þessara.

Hafi verið gerður samningur um sölu vörum, vinnu eða þjónustu fyrir gildistöku laga þessara, en afhending hins selda og greiðsla skyldi fara fram eftir gildistöku þeirra, og sala eða afhending sams konar vörum, vinnu eða þjónustu er skattskyld samkvæmt lögum nr. 10/1960, um söluskatt, þá skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna sem svarar hækjun á söluskattinum, nema sannað sé, að skatturinn hafi verið talinn með í kaupverðinu við ákvörðun þess.